



## Skipulagsfulltrúi

Reykjavík 7. september 2023.

### Efni: Naustabryggja 31-33.

Vísað er til erindis Baldurs Ólafssonar, dags. 13. desember 2022, þar sem farið er fram á breytingu á deiliskipulagi til að lengja Naustabryggju svo gatan nái að inngöngum Naustabryggju 31-33.

### Umsögn

Málefni er varða lóðina Naustabryggju 31-33 hafa verið til meðferðar á undanförunum árum hjá Reykjavíkurborg. Nánar tiltekið hafa þau mál snúist um að kröfum um bílastæði fyrir hreyfihamlaða hafi ekki verið uppfyllt á lóðinni, en húsfélaginu og byggingarfulltrúa greindi á um hvort svo væri. Með tveimur úrskurðum Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, í málunum nr. 15/2020 og 39/2021, felldi úrskurðarnefndin úr gildi ákvarðanir byggingarfulltrúa um að aðhafast ekki vegna kröfu um að aðgengi að húsinu fyrir hreyfihamlaða yrði tryggt, þannig að skilyrðum byggingarreglugerðar yrði uppfyllt. Í kjölfarið var fundað með fulltrúa húsfélagsins og ákveðið að kanna lausnir. Í frmhaldinu var svo unnin deiliskipulagsbreyting fyrir lóðina þar sem tveimur bílastæðum fyrir hreyfihamlaða var komið fyrir á lóð og á borgarlandi. Húsfélagið Naustabryggju 21-29 og 41-45 kærði deiliskipulagsbreytinguna til úrskurðarnefndarinnar sem með úrskurði í málinu nr. 149/2022, hafnaði kröfu kæranda.

Með tölvupósti húsfélagsins Naustabryggju 31-33 dags. 9. maí 2023 til Reykjavíkurborgar er bent á að húsfélagið hafi sent inn formlegt erindi um breytingu á deiliskipulagi til að lengja Naustabryggju svo gatan nái að inngöngum Naustabryggju 31-33. Þá vísar húsfélagið einnig til orða Reykjavíkurborgar í minnisblaði þar sem *“tekið yrði jákvætt” í formlega beiðni um breytingu á deiliskipulagi þar sem Naustabryggja yrði “lengd” svo gatan nái að húsum Naustabryggju 31-33.* Ekki hefur nein umsókn um breytingu á deiliskipulagi borist, en í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. nóvember 2022 vegna breytingar á deiliskipulagi Bryggjuhverfis vegna Tangabryggju 6-8, 10, 12 og 12A og Naustabryggju 17-19 og 31-33, kemur fram að *“jákvætt sé tekið í hugmynd um að skoða í framhaldi fyrirkomulag bílastæðamála samhliða framlengingu Naustabryggju að umræddum inngöngum nr. 31 og 33 en til þess þarf formlegt erindi að berast skipulagsfulltrúa frá húsfélagi Naustabryggju 31-33.”* í því orðalagi

Það má vissulega taka undir með húsfélaginu að það skipulag sem er í gildi er að mörgu leiti óheppilegt, en svo háttar til á lóðinni samkvæmt deiliskipulagi að engin aðkoma er fyrir akandi umferð í þágu eigna naustabryggju 31-33 fyrir framan aðalinnganga hússins, þar sem lóðamörk bílastæðalóðar fyrir Naustabryggju 35-53, ná að gangstéttarbrún fyrir fram


---

húsið og eru þar bílastæði. Engu að síður er um gildandi deiliskipulag að ræða og aðstæður sem íbúar Naustabryggju höfðu kost á að kynna sér frá upphafi. Ekki er þó gerð athugasemd við að breyta deiliskipulagi til að verða við erindinu að uppfylltum skilyrðum.

**Niðurstaða:**

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, en þá þarf að berast formleg umsókn um breytingu á deiliskipulagi ásamt samþykki lóðarhafa Naustabryggju 35-53, en hluti bílastæðalóðar Naustabryggju 35-53, yrði þá tekinn undir aðkomuna og þannig myndu 20 bílastæði í þeirra eigu falla brott. Slíkt verður ekki gert nema með samkomulagi við þá eigendur.

F.h. Skipulagsfulltrúa



---

Harri Ormarsson, lögmaður.